

17.2.2021

Innviðaskýrsla SI og FRV

Fráveitur

Reynir Sævarsson

Byggingarverkfræðingur M.Sc.

Formaður FRV



Fráveitur

Tvíþættur tilgangur

- Flutningur á frárennsli frá einum stað til annars
- Meðhöndlun þess með því markmiði að minnka neikvæð áhrif á umhverfið

Fráveitur

Hvað telst til fráveitu?

- Lagnakerfi frá lóðamörkum
- Brunnar og niðurföll
- Dælustöðvar stórar sem smáar
- Yfirföll
- Hreinsistöðvar
- Útrásir
- Settjarnir
- Rotþrær og siturbeð
- Geymslutankar



A photograph of a coastal landscape. In the foreground, a long, narrow stone pier or breakwater extends from the shore into the sea. The pier is covered in seaweed and rocks. The water is calm and blue, meeting a clear sky with a few wispy clouds at the horizon.

Endurstofnvirði

Hvernig metið?

- Byggt er á upplýsingum frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands en fráveitur landsins í eigu opinberra aðila eru tryggðar þar
- Eigendur veitnanna leggja eigið mat á kostnaðinn við að endurgera veiturnar frá grunni byggt á reynslutölum um kostnað og umfangi veitnanna
- Umfang einkafráveitna er metið út frá upplýsingum um fjölda sumarhúsa og lögbýla
- Endurstofnvirði fráveitna er metið 200-230 milljarðar króna

The left side of the slide features a vertical photograph of a coastal scene. In the foreground, there are dark, jagged rocks. A concrete structure, possibly a pier or a part of a breakwater, extends from the rocks into the water. The water is a deep blue with some ripples. In the background, more rocks are visible along the shoreline.

Ástandseinkunn metin 2

Hvernig metið?

- Tvíþætt mat: Ástand lagnakerfanna og staða fráveitumála
- Lagnakerfin sem slík ættu að fá ástandseinkunina 3 þar sem ástandið er viðunandi en ekki gott og fjárfestinga þörf. Meðalaldur lagna er almennt orðinn of hár, yfir 50 ár.
- Afköst fráveitukerfa eru sums staðar ekki næg sem kemur fram í óeðlilega tíðum flóðatjónum.
- Hvað stöðu fráveitumála varðar þá eru um 80% skólps hreinsað á Íslandi. Víða um landið er engin hreinsun til staðar og lög og reglugerðir því ekki uppfylltar sem þýðir ástandseinkunn 1.
- Heildarástandseinkunn að teknu tilliti til þess hve langt fráveitumál eru komin er metin 2.

Uppsöfnuð viðhaldspörf 50-85 milljarðar

Hvernig metið?

- Endurnýja þarf um 20% lagnakerfanna til að lækka meðalaldurinn
- Byggja þarf dælustöðvar, sniðræsi, hreinsistöðvar og útrásir víða um land
- Auka þarf afköst kerfa þar sem ofanvatn hefur valdið tjónun
- Einkafráveitur uppfylla víða ekki kröfur
- Auka þarf meðhöndlun og hreinsun ofanvatns

Framtíðarhorfur

Hvert stefnir?

- Aukin vitund meðal rekstraraðila um þörf á viðhaldi
- Mikil áform um uppbyggingu hreinsimannvirkja – nýtt styrkjakkerfi ríkisins er jákvætt skref
- Mikil umræða um mikilvægi hreinsunar ofanvatns til að bregðast við örplastmengun í viðtökum
- Nýting seyru og salernisúrgangs að aukast
- Fráveitur fá því græna ör

